

6. Af Snorrabraut úr norðri inn á Hverfisgötu.
7. Af Laugarnesvegi úr suðri til vesturs inn á Borgartún.
8. Af Laugarnesvegi úr norðri til austurs inn á Sundlaugaveg.
9. Úr Skólalabru til norðurs inn á Lækjargötu.
5. Bann við hægri beygju verður afnumið á eftirtöldum stöðum:
 1. Af Lækjargötu úr norðri inn í Austurstræti.
 2. Af Lækjargötu úr norðri inn í Skólalabru.
 3. Af Laugarnesvegi til vesturs inn á Laugaveg.
 4. Af Laufásvegi til vesturs inn á Hringbraut.
6. Stöðumælar verða settir upp á eftirtöldum stöðum:
 1. Amtmannsstíg að sunnanverðu á milli Skólastrætis og Lækjargötu. Gjald sé 1 kr. fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur.
 2. Frakkastíg að austanverðu á milli Grettisgötu og Laugavegar. Gjald sé 1 kr. fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur.
 3. Frakkastíg að austanverðu á milli Laugavegar og Hverfisgötu. Gjald sé 1 kr. fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur.
7. Laugavegi verður lokað austan Rauðarárstígs.

Auglýsing þessi öðlast gildi 26. maí 1968 kl. 06.00.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 24. maí 1968.

Sigurjón Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um tilkynningarskyldu íslenskra skipa.

1. gr.

Öll talstöðvarskyld skip, önnur en varðskip, tilkynni:

- a) Brottför sína úr höfn.
- b) Stað sinn, a. m. k. einu sinni á sólarhring, fiskiskip kl. 13—16 og farskip eftir aðstaðum.
- c) Komu sína í höfn.

2. gr.

Texti tilkynningarinnar skal vera svo sem hér segir:

Við brottför: Skipsheiti, einkennisstafi eða skrásetningarnúmer, brottfararstað og tíma.

Á sjó (kl. 13—16): Skipsheiti, einkennisstafi eða skrásetningarnúmer, reitnúmer, stefnu og tíma.

Við komu í höfn: Skipsheiti, einkennisstafi eða skrásetningarnúmer, komustað og tíma.

3. gr.

Öllu hafsvæðinu í kringum landið verði skipt í tilkynningarreiti. Við tilkynningum af reitum þessum taki síðan strandstöðvar, beint eða um aðrar stöðvar, ef beint samband næst ekki. Tilkynningarnar sendist strax til eftirlitsmiðstöðvar, sem fylgist með að engar skyldutilkynningar vanti. Telji eftirlitsmiðstöðin að ástæða sé

til eftirgrennslunar, leitar eða björgunar, skal hún þegar gera nauðsynlegar ráðstafanir, og hafa um þær samráð við alla þá aðila, er aðstoð geta veitt, við eftirgrennslan, leit eða björgun.

4. gr.

Náist ekki beint samband við landstöðvar, skal tilkynna um eftirlitsskip, sé það á miðunum, annars um önnur skip.

5. gr.

Fiskibátar, sem eigi eru búnir talstöðvum, skulu tilkynna viðkomandi eftirlitsstöð eða þeim, er hún tilnefnir, brottför sína, áformaðar ferðir og komu.

6. gr.

Stærð tilkynningarreita þeirra, sem um ræðir í 3. gr., ákvarðast af eftirlitsstöð í Reykjavík, og skal hún sjá um útgáfu og dreifingu reitakorta.

Sé reitakort ekki fyrir hendi, skal gefa staðarákvörðun í breidd og lengd.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum.

Reglugerð þessi, sem gefin er út samkvæmt lögum 17. maí 1968, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 24. maí 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Kristinn Gunnarsson.

AUGLÝSING

um umferð í Siglufirði.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga, nr. 26 1958, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Siglufjarðar, hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í Siglufjarðarkaupstað.

1. Aðalbrautir. Ákveðinn hefur verið aðalbrautarréttur á Aðalgötu, Gránugötu, Suðurgötu, Túngötu og Norðurgötu, þó þannig að umferð um Norðurgötu víki fyrir umferð um Aðalgötu og Gránugötu.
2. Einstefnuakstursgötur. Einstefnuakstur hefur verið ákveðinn á Aðalgötu, frá Túngötu að Tjarnargötu (ekið í austur), á Gránugötu frá Tjarnargötu að Suðurgötu (ekið í vestur), á Norðurgötu, frá Eyrargötu að Gránugötu (ekið í suður), og á Vetrarbraut, frá Gránugötu að Eyrargötu (ekið í norður).
3. Bifreiðastöður bannaðar. Bannaðar eru bifreiðastöður á Suðurgötu og Túngötu frá húsinu nr. 8 við Suðurgötu og að húsinu nr. 3 við Túngötu, beggja vegna götunnar.

Bifreiðastöður eru bannaðar hægramegin á einstefnuakstursgötum.

4. Vinstri beygja bönnuð. Vinstri beygja er bönnuð úr Túngötu inn í Þormóðsgötu, er ekið er norður Túngötuna, og úr Hvanneyrarbraut inn í Hlíðarveg, er ekið er suður Hvanneyrarbraut.